

Skipulagsstofnun
Laugavegi 166
Reykjavík
(sent á landsskipulag@skipulagsstofnun.is)

Ísafirði 13. febrúar 2015

Umsögn; Landsskipulagsstefna 2015-2026

Vísað er til auglýsingar á heimasíðu Skipulagsstofnunar frá 19. desember 2014 um tillögu að Landsskipulagsstefnu 2015-2026 með umsagnarfresti til 13. febrúar 2015, auk kynningarfunda sem haldnir voru í janúar á þessu ári.

Fjórðungssamband Vestfirðinga (FV) hefur kynnt sér umsögn, dags. 29. janúar 2015 frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um Landsskipulagsstefnu 2015-2026. FV mun árétta tvö atriði hér síðar í þessari umsögn, en í meginatriðum tekur FV undir þau sjónarmið sem sett eru fram í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga og hvetur Skipulagsstofnun að taka þau til athugunar.

FV vill einnig lýsa þeirri skoðun að vinnulag s.s. framsetning Skipulagsstofnunar og samráð við sveitarfélög við gerð Landsskipulagsstefnu hafi um margt verið til fyrirmyndar.

Um markmið 3.5. Sjálfbærar samgöngur.

Vísað til kafla 3.5.1.

FV tekur undir þau sjónarmið um þátt öruggra og greiðra samgangna innan og á milli skilgreindra vinnusóknar – og þjónustusvæða með að markmið að styrkja byggð. Almenningsamgöngur eru lykilþáttur í þessu samhengi að tengja byggðalög saman innan eins og sama atvinnu og þjónustusvæðis.

Tengingar á milli atvinnu og þjónustusvæða síðan annar þáttur sem tryggir flæði þjónustu, framleiðslu og fjármagns og er um leið hluti af almenningsamgöngukerfi landsins. Hér verður að líta til, að skipulag á þjónustu ríkisins og þjónusta einkafyrirtækja er á flestan þátt miðlæg með höfuðborgarsvæðið sem kjarna sem þjónustar minni byggðakjarna. Aðrir byggðakjarnar í landinu verða því að treysta á að samgöngur séu greiðar til og frá höfuðborgarsvæðinu. Ekki er fyrirséð að verulegar breytingar verði á þessu fyrirkomulagi a.m.k. innan gildistíma landsskipulagsstefnu.

Í þessu samhengi er ferðatími afgerandi varðandi þjónustusókn og viðskipti. Fyrir byggðakjarna sem eru lengra en 2,5 til 3 tíma aksturfjarlægð frá höfuðborgarsvæði þá er áætlunarflug grundvallarþáttur í þessum efnunum. Samkvæmt skýrslu um félagslega hagkvæmni innanlandsflug¹ sem unnin var fyrir vinnuhóp innanríkisráðuneytis um innanlandsflug og kynnt var í febrúar 2014, þá kemur fram að áætlunarflug sé að meginhluta þjóðhagslega hagkvæmt. Í greiningu nefndarinnar eru skoðuð áhrif og samfélagslegar afleiðingar þess að hætta áætlunarflugi á hvern áfangastað. Þar er átt við afleiðingar þess fyrir *búsetugæðibyggðarlaga* á áhrifasvæði flugvallar ef flugi er hætt. Búsetugæði felast í sex virðisþáttum/grundvallarþáttum: *heilsu og öryggi, menntun, atvinnu, aðgengi að þjónustu, menningu og afþreyingu og fjölskyldutengslum*².

FV telur því að fullyrða megi að innanlandsflug sé því afgerandi þáttur í núverandi búsetumynstri og Skipulagsstofnun eigi að draga mikilvægi áætlunarflugs mun skýrar fram en gert er í greinargerð. Má í þessu sambandi gagnrýna það varfærnislega orðalag greinargerðar, þar sem segir „Varðandi samgöngur milli landshluta **getur** innanlandsflug gegnt mikilvægu hlutverki³“.

Í annan stað telur FV að ekki eigi að tengja innan sömu málsgreinar umfjöllun um Reykjavíkflugvöll og framtíð hans, við umfjöllun um hugsanlega uppbyggingu hraðlestrar milli Reykjavíkur og Keflavíkur⁴. Það skal ekki fullýrt hér, að verið sé að draga fram eina hugmynd umfram aðra er varðar staðsetningu innanlandsflugvallar höfuðborgarsvæðisins. En telja hefði eðlilegra, að úr því þessi hugmynd vekur athygli Skipulagsstofnunar að þá sé henni fundinn annar staður í umfjöllun um sjálfbærar samgöngur. FV vill einnig koma á framfæri þeirri ábendingu að innanlandsflugi væri til heildarumfjöllunar í nefnd innanríkisráðuneytis svokallaðri „Röngnunefnd“.

Skipulag haf og strandsvæða

Það er mikilsvert að landsskipulagsstefna fjalli um málefni hafs og stranda. Umfjöllun um málið er hinsvegar meðvitað takmörkuð með vísan til að í undirbúningi er lagasetning um haf og strandsvæðaskipulag. Vekja þarf athygli á að lögin eru ekki komin fram eins og áætlað var þegar vinna að landsskipulagsstefnu var hafin á síðasta ári. Fjórðungssamband Vestfirðinga gerir því að tillögu að þessi hluti landsskipulagsstefnu verði samþykktur, en með þeim fyrirvara að metið verði hvort taka eigi upp að nýju þennan kafla landsskipulags, þegar lög um haf og strandsvæðaskipulag liggja fyrir.

F.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri.

¹ <http://www.innanrikisraduneyti.is/media/frettir-2014/Kynning-skyrslunnar.pdf>

² <http://www.innanrikisraduneyti.is/frettir/nr/28849>

³ bls 72

⁴ bls 72